

Fundargerð framkvæmdastjórnar Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins

Númer fundar: 1124

Dagsetning: 1. september 2026 klukkan 8:30

Staðsetning fundar: Álfabakka 16, Reykjavík.

Fundinn sátu: Helgi Þorsteinsson (HP), Íris Dögg Harðardóttir (ÍDH), Nanna Sigríður Kristinsdóttir (NSK) í gegnum fjarfundarbúnað, Ragnheiður Ósk Erlendsdóttir (RÓE) í gegnum fjarfundarbúnað og Brjánn Jónasson (BJ), sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins: Guðmundur Marínó Ingvarsson, deildarstjóri deildar rafrænnar þjónustu, sat fundinn undir lið 4.

Efni fundarins

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð framkvæmdastjórnar HH frá 25. ágúst 2026 var tekin til umræðu og samþykkt samhljóða.

2. Verkefni framkvæmdastjórnar

Umræður um helstu verkefni framkvæmdastjórnar.

3. Aðsend erindi

Farið var yfir erindi frá heilbrigðisráðuneytinu um kostnað vegna endurhæfingarpjónustu. Unnið er að svari. Einnig var rætt um erindi tengt vinnu við hvítbók um endurhæfingarpjónustu sem er í samráðsgátt stjórnvalda.

4. Bilanir í tölvukerfum

Guðmundur Marínó Ingvarsson, deildarstjóri deildar rafrænnar þjónustu, kom á fundinn og ræddi um bilanir á tölvukerfum í síðustu viku. Rafmagn var tekið af Mjóddinni að nóttu til og tækifærið notað til að skipta út ytri eldvegg. Sú breyting olli vandræðum sem höfðu keðjuverkandi áhrif og var brugðist við með því að kalla út viðeigandi þjónustuaðila. Ákveðið var að fara yfir viðbragðsáætlun út frá þessu atviki og vinna gæðaskjal.

5. Kynning á fjárhagsstöðu

Farið var yfir fjárhagsstöðu HH tengt undirbúningi fyrir fund í heilbrigðisráðuneytinu.

6. Heilsubrú

Rætt var um hugmyndir um að ráða inn næringarfræðing og sálfræðing á Heilsubrú. Beðið verður eftir uppfærðri kröfulýsingu fyrir heilsugæsluna sem er í vinnu hjá ráðuneytinu áður en tekin verður ákvörðun.

7. Forflokkun og aðgengi

Umræður um forflokkun erinda og rétta þjónustu á réttum stað og réttum tíma. Fagframkvæmdastjórnar ætla að heimsækja allar heilsugæslustöðvar á næstunni til að fara yfir verkefnið.

8. Kjaramál lækna

Rætt var um túlkun á kjarasamningi við lækna og greiðslur fyrir gjaldskrárverk.

9. Skipulag skrifstofu

Farið var yfir hugmyndir að breytingum á staðsetningu leiðtoga sálfræðinga og félagsráðgjafa á skrifstofu HH. Ákveðið var að færa starfsstöðvar þeirra á þriðju hæð og bæta við næðisrými sem mun nýtast fyrir handleiðslu.

10. Læknamönnun Heilsugæslunnar Firði

Rætt var um fund forstjóra og framkvæmdastjóra lækninga með stjórnendum Heilsugæslunnar Firði þar sem rætt var um læknamönnun stöðvarinnar. Læknum hefur fækkað vegna fæðingarorlofs og tilfærsla í starfi með tilheyrandi auknu álagi á þá sem eftir eru. Lagt var til að teknar verði upp sérstakar tímabundnar álagsgreiðslur til lækna stöðvarinnar með sama hætti og gert var á öðrum stöðvum sem hafa verið í sambærilegri stöðu. Tillagan var samþykkt og ákveðið að útbúa verklag sem hægt verður að styðjast við í sambærilegum málum í framtíðinni.

Aðgerðir og verkefni

- Vinna þarf svar við erindi heilbrigðisráðuneytisins um endurhæfingarpjónustu, sjá lið 3.
Ábyrgð: ÍDH, HP
- Uppfæra þarf viðbragðsáætlun og vinna gæðaskjal, sjá lið 4.
Ábyrgð: HP
- Upplýsa þarf forstöðumann Heilsubrúar um ákvörðun framkvæmdastjórnar, sjá lið 6.
Ábyrgð: RÓE
- Gera þarf breytingar á skrifstofu í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnar, sjá lið 9.
Ábyrgð: ÍDH, HP
- Upplýsa þar stjórnendur Heilsugæslunnar Firði um ákvörðun tengt tímabundnum álagsgreiðslum fyrir lækna stöðvarinnar, sjá lið 10.
Ábyrgð: NSK
- Vinna þarf verklag tengt tímabundnum álagsgreiðslum fyrir starfsfólk, sjá lið 10.
Ábyrgð: KBM

Fleira ekki gert, fundi slitið klukkan 10:50.